



Seyðisfirði 13. maí 2010

Nefndasvið Alþingis : Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík .

Alþingi
Erindi nr. P 138/2444
komudagur 19.5.2010

Umsögn SSA : 582. mál.

Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2013

*Stjórn SSA leggur áherslu á að tekið verði tillit til , eins og frekast er kostur , áherslum sem fram koma í samþykktum 43. aðalfundar SSA sept. 2009 um samgöngumál, sem fallið geta og eiga að vera innan tímabilsins. (sent samgönguráðuneyti, ráðherra, samgönguráði, vegamálastjóra og þingmönnum norð-aust. haust 2009). **Áherslum til lengri tíma (framtíðarsýn)** verði strax haldi til haga og þeim komið fyrir í endurskoðaðri fjögurra áætlun 2012-2014 og í langtímaáætlun 2011-2022 Vísast þar m.a til samráðsfundar Samgönguráðs og Vegerðar með sveitarfélögum á Austurlandi 30. mars 2009. "Samantekt og áherslur". Meðfylgjandi gögn fylgja umsögn :

1. **Samþykktir 43. aðalfundar SSA um samgöngumál**
2. **"Samgönguöxlar á Austurland" áherslur starfshóps til 43. aðalfundar SSA**

*Stjórn SSA styður þau fimm meginmarkmið sem fram koma í kafla 1.1 -1.5.

*Stjórn SSA bendir á að vinna við sóknaráætlun Íslands (sóknaráætlun landshluta) stendur nú yfir og ekki liggur fyrir hver niðurstaða verður úr þeirri vinnu. Markmiðin um jákvæða byggðapróun 1.5 a-b.c eiga að geta fallið að endanlegum áherslum Austurlands þegar þær liggja fyrir. Starfshópur á vegum sveitarfélaga á Austurlandi SSA og Samgönguráðuneytisins vinnur nú með verkefnið "Austurland eitt sveitarfélag" þar sem **bættar samgöngur í landshlutanum eru eitt lykilatriði** í að það verkefni geti náð tilætluðum árangri.

*Stjórn SSA styður að gerð verði átak í að auka hlut almenningsamganga í þjónustu við íbúa (1.1 a) (sjá.meðf. samþykkt 43. aðalf. SSA)

*Stjórn SSA fagnar því að alvara verði gerð í að draga úr landflutningum með tilheyrandi álagi á þjóðvegina með því að koma á strandsiglingum að nýju. (1.1c og 1.2c)

*Stjórn SSA styður heilshugar þær áherslur sem fram koma í markmiði 1.4 um öryggi í samgöngum. Þar er m.a horft til vetrarþjónustu á fjallvegum s.s hálkuvörn og snjómokstur, fækka einbreiðum brúm og ljúka lagningu bundins slitlags á þjóðvegi 1 á Austurlandi. **Ath Austurland er eini landshlutinn við hringveginn á árinu 2010 þar sem enn er ekið á malarslitlagi .** (sjá meðf. samþykkt 43.aðalf. SSA **Vegamál 1.**)



* Stjórn SSA leggur áherslu á að þjónustusamningar við sveitarfélögin verði "samngjarnir" og í takt við raunverulegan kostnað. (sjá Vegmál 4)

* Einstaka framkvæmdir í vegaáætlun:

Stjórn SSA vísar til meðf. samþykktar 43. aðalfundar SSA s.s Vegmál 2. nýframkvæmdir. Staðið verði við að hefja framkvæmdir við Norðfjarðagöng ekki síðar en í byrjun næsta árs og fyrirheit um undirbúnings og rannsóknarfé til þar-næstu ganga á Austurlandi (sjá meðf. samþykkt 43. aðalfundar SSA Jarðgöng 1.og 2.) .Stjórn SSA vísar ennfremur til innsendra umsagna aðildarsveitarfélaga SSA um einstaka framkvæmdir.

* Stjórn SSA ítrekar að gera verður átak í að leggja stofn og tengivegi í landshlutanum bundnu slitlagi.

* Siglingamálaáætlun: Vísað er til meðf.samþykktar 43. aðalfundar SSA um Hafnamál og ennfremur styður stjórn SSA og vísar til umsagna aðildarsveitarfélaga SSA sem berast nefndinni um einstaka framkvæmdir í höfnum inna og utan grunnnets og við sjóvarnir.

* Flugmálaáætlun 2.: Stjórn SSA styður og vísar til samþykktar 43. aðalfundar SSA Flugsamgöngur 1-2 og 3 og innsendra umsagna aðildarsveitarfélaga SSA

*Stjórn SSA ítrekar þá afstöðu sveitarstjórnarmanna á Austurlandi frá 43. aðalfundi SSA, Framtíð Reykjavíkurflugvallar og að nú þegar verði hafist handa við byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar landsmanna í Vatnsmýrinni og að núverandi staðsetning Reykjavíkurflugvallar verði til frambúðar.

* Fjarskiptamál. Stjórn SSA fagnar þeim árangri sem náðst hefur með uppbyggingu á GSM sambandi á Austurlandi. Stjórnin leggur ennfremur áherslu á að enn er all-langt í land með að allir hafi sama aðgang að háhraðanettengingum í landshlutanum . Betur má því ef duga skal.

Stj. n. SSA
Sign. Þorvaldur Jóhannsson

Fylgigögn með umsögn.

1. Samþykktir 43. aðalfundar SSA 2009 : Samgöngumál.
2. Samgönguöxlarnir 3 / Samantekt /áherslur starfshóps SSA til 43. aðalf. SSA



Samgöngumál .

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009 samþykkir og ályktar:

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi.

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi byggist á þremur meginásam í austfirsku atvinnulífi. Þeir eru Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, Ferjuhöfn í Seyðisfirði og Flugvöllur á Egilsstöðum.

Litið sé á að þessir meginásar séu þau svæði sem eiga eftir að skila Austfirðingum öllum auknum atvinnutækifærum, og því nær sem þessir staðir eru hvor öðrum í tíma, þeim mun meiri líkur eru að tækifærin nýtist öllum Austfirðingum.

Því leggur SSA til að sú leið verði farin sem hér segir í því að byggja upp samgöngur til framtíðar á Austurlandi.

Leitast verði við að stytta allar meginleiðir milli þessara þriggja ása sem nefndir eru hér að ofan. Með tryggum heilsárssamgöngum og hámarksstyttingu, verður meginpartur Austurlands orðinn að einu atvinnu- og þjónustusvæði.

Skilgreining á þjónustusvæði hefur til þessa falist í 100km radíus frá þjónustukjarna og skilgreining atvinnusvæðis hefur falist í 50km radíus frá vinnustað.

Ljóst er að uppbygging þjónustu og atvinnutækifæra á jaðarsvæðum verður auðveldari eftir því sem vegalengdir innan fjórðungsins styttest.

Ssa er ljóst að þessi framtíðarsýn er langtíamarkmið og því telur fundurinn að ekki sé ástæða til að setja þessa áætlun í tímaramma, en það er auðvitað að hluta til tilkomið vegna þess óvissuástands sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Fundurinn er sammála um að áherslur á vegabætur byggist ætíð á eftirtöldum forsendum:

- Öryggi vegfarenda.
- Umferðarpunga.
- Styttingu vegalengda.
- Tryggjum heilsárssamgöngum.





Á tímabilinu 2011 – 2022 verði löggð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það. Einnig þarf að tryggja fjármagn í þær framkvæmdir sem nú þegar hafa verið ákveðnar og undirbúnar.
- Að leggja alla stofn- og tengivegi í fjórðungnum bundnu slitlagi
- Markviss fækkun einbreiðra brúa
- Markviss stytting vegalengda.
- Veggöng til að tryggja öryggi, heilsárssamgöngur og stytta vegalengdir
- Að efla almenningssamgöngur í fjórðungnum.

Vegamál

- 1 Að eftirtaldir kaflar á þjóðvegi 1 verði forgangsverkefni og að þeim verði lokið sem allra fyrst:
 - í Berufjarðarbotni.
 - í Breiðdal.
 - í Skriðdal.
- 2 Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda, með tilliti til öryggis, umferðarþunga styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - um Jökulsárhlið.
 - á Borgarfjarðarvegi.
 - Mjóafjarðarheiði.
 - í Fáskrúðsfirði.
 - í Stöðvarfirði.
 - á Öxi.
 - Um Reyðarfjarðarbotn
- 3 Að mikilvægt sé að auka verulega vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsárssamgöngur milli allra byggðakjarna. Fundurinn telur algerlega óásættanlegt að dregið verði úr vetrarþjónustu og minnka með því öryggi á vegum í fjórðungnum. Leggja skal áherslu á að þau þjónustustig sem eru skilgreind, séu haldin og stækka þau svæði sem þjónustustig 2 nær til.
- 4 Að auknu fé verði veitt í þjóðvegi sem liggja um þéttbýli í fjórðungnum, en viðhaldi og endurbótum er víða ábótavant.



Jarðgöng

1. Bent skal á að margítrekað hefur Sambandið ályktað um að næstu jarðgöng á Austurlandi eigi að vera Norðfjarðargöng, Vopnafjarðargöng og Seyðisfjarðargöng.
2. Fundurinn lítur svo á að Norðfjarðargöng verði fyrsti hluti svokallaðra Miðfjarðaganga sem eru jarðgöng frá Eskifirði um Norðfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð til Héraðs. Því þurfi að tryggja fjármagn til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis. SSA telur það algerlega óásættanlegt að engar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á næstu göngum á Austurlandi til samræmis við samþykktir aðalfunda landshlutasamtakanna um þessi mál. Mjög brýnt er að sérgreindar verði sérstakar rannsóknar- og undirbúningsfjárveitingar til jarðganga milli Vopnfjarðar og Héraðs annars vegar og hins vegar til ganga á Miðausturlandi.

Vegagerðin

Fundurinn lítur á það sem sjálfsagt mál að vegamál og umsýsla þeirra sé staðsett í fjórðungnum, og krefst þess að öll nærþjónusta vegagerðarinnar svo sem viðhald og vetrarþjónusta verði flutt heim í hérað. Skipurit Vegagerðarinnar verði endurskoðað með það í huga að koma þessari vinnu aftur til baka á sinn stað í fjórðungnum.

Hafnamál

Fundurinn fagnar því að gildistöku 24. gr. hafnarlaga, sem fjallar um ríkisstyrktar framkvæmdir, hafi verið frestað til 2011 og leggur áherslu á að lögin verði endurskoðuð. Á meðan endurskoðun er í gangi verði haldið áfram að styrkja hafnarframkvæmdir sem falla undir núverandi ákvæði. Einnig verði auknu fjármagni veitt í nýframkvæmdir.

Flugsamgöngur

1. Að Egilsstaðaflugvöllur verði byggður upp þannig að völluminn uppfylli ýtrustu kröfur sem varaflugvöllur í millilandaflugi.
2. Norðfjarðarflugvöllur verði endurbættur þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.





3. Að ein af þrylum landhelgisgæslunnar verði staðsett í fjórðungnum.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar

Fundurinn minnir á að Reykjavík er höfuðborg allra landsmanna og staðsetning Reykjavíkurflugvallar er einn stærsti kostur flugvallarins. Fundurinn krefst þess að öllum vafa um framtíð vallarins verði eytt hið fyrsta þannig að uppbygging samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll geti hafist sem allra fyrst.

Í Reykjavík eru fyrirtæki og stofnanir sem eiga að þjóna öllum íbúum landsins s.s. á sviði heilbrigðisþjónustu, menntunar, fjármálastarfsemi, stjórnsýslu, verslunar, dóms- og öryggismála. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er nauðsynlegt að ráðamenn átti sig á þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

Fjarskiptamál

Fundurinn fagnar þeim árangri sem náðst hefur í uppbyggingu á GSM sambandi við flesta vegi í fjórðungnum og leggur áherslu á að henni verði lokið sem fyrst. Fundurinn leggur enn fremur mikla áherslu á að allir hafi sama aðgang að háhraðanettengingum á Austurlandi.

SSA
Stj. h. SSA
Stj. h. SSA



Til 43. Aðalfundar SSA 26.-27.sept. 2009

Samgönguöxlar á Austurlandi (vinnuheiti starfshóps)

Á síðasta aðalfundi var svohljóðandi samþykkt:

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur til að sveitarfélögin skoði sameiginlega möguleika á frekari nýtingu og atvinnuuppbyggingu í tengslum við samgöngumannvirki á svæðinu þ.e. Egilsstaðaflugvöll, ferjuhöfn á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn. Fundurinn leggur til að myndaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að greina og kanna tækifæri til uppbyggingar og samstarfs. Hópurinn verði skipaður fulltríum frá atvinnumálanefndum sveitarfélaganna og vinni náð með Þróunarfélagi Austurlands að framgangi málsins og skili af sér niðurstöðum á næsta aðalfund SSA.

Stjórn SSA óskaði eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum þremur (nóv. 2008) Fjarðabyggð, Fljótaldalshéraði og Seyðisfirði. Tilnefndir voru: Steinþór Pétursson Fjarðabyggð, Guðmundur Ólafsson og Óðinn G. Óðinsson Fljótaldalshéraði og Katrín Reynisdóttir og Ólafur H. Sigurðsson Seyðisfirði. Framkvæmdastjóri SSA og Hafliði H. Hafliðason ÞFA störfuðu með hópnum. Eiríkur Bj. Björgvinsson bæjarstjóri á Fljótaldalshéraði og Helga Jónsdóttir bæjarstýra í Fjarðabyggð komu starfshópnum einnig til aðstoðar. Starfshópurinn kom þrisvar formlega saman ásamt því að standa fyrir stóru málþingi, *Samgöngumannvirki – tækifæri fyrir Austurland* í júní 2009. Verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri SSA hafa unnið upp helstu áherslur sem koma m.a. fram í greinargerðum vinnuhópsins ásamt því að horft hefur verið til þeirra áherslna sem fram komu í Vaxtarsamningi Austurlands og unnar voru árið 2007 um samgönguöxlana þrjá. Hópurinn hefur ekki komið formlega saman til að ljúka vinnu sinni, en stefnt er að því í október mánuði n.k.

Helstu áherslur:

Egilsstaðaflugvöllur er aðalflugvöllur Austurlands

Egilsstaðaflugvöllur gegnir veigamiklu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurlflugvöll. Skoða frekari tækifæri vegna fraktflutninga.

Aðstaða verði eflid fyrir sjúkraflug og þyrluflug.

Efla markaðssetningu flugvallarins m.t.t. ferðaþjónustu.

Bæta aðstöðu flugvallarins m.a. með lengingu flugbrautar o.fl.

Tryggja verður góðar landsamgöngur að og frá flugvöllum

Ferjuhöfn Seyðisfirði: Fólksflutninga og skemmtiferðaskipahöfn Austurlands.

Evrópileiðin sjóleiðina til og frá Evrópu til Íslands frá 1975.

Fjöldi farþega með Norrænu á þessu ári er um 40.000.

Fjöldi farþega með öðrum skemmtiferðaskipum s.l. sumar um 9.000.

Alls fara því um höfnina á ári um 50.000 manns (250 fullar Boeing flugvélar).

Bæta verður alla aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Tryggja verður góðar landsamgöngur að og frá. Fjarðarheiði er oft mikill þröskuldur.

Mjóeyrarhöfn: Inn- og útflutningshöfn Austurlands.

Hafnasamlag Fjarðabyggðar (7 hafnir) er eitt öflugasta hafnasamlag á Íslandi. Mjóeyrarhöfn er þar flaggskipið. Stærsti vinnustaður á Austurlandi – 700 manns.

Flutningamagn á árinu 2008: 1.232.000 tonn

Mjóeyrarhöfn í nálægð við Reyðarfjarðarhöfn með óteljandi möguleika fyrir aukna hafnsækna starfsemi. Margt er í skoðun.

Tryggja verður góðar landsamgöngur að og frá höfninni.

Þorvaldur Jóhannsson, SSA og Hafliði H. Hafliðason, ÞFA

Til samgöngunefndar : Sjá samþykkt 43.aðalf SSA. um samgöngumál:Framtíðarsýn .

